



Áfangaskýrsla 3 – Gæðagreinar

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Eygló Illugadóttir

27.6.2014

Efnisyfirlit

Sjálfsmat veturinn 2013-2014	2
Matsþættir skólaársins 2013-2014 voru eftirfarandi:	2
Mat á gæðagreiini 3.1 - Þátttaka starfsfólks í starfi skólans	3
Þróunaráætlun gg 3.1 - Þátttaka starfsfólks í starfi skólans	4
Mat á gæðagreiini 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms.....	6
Þróunaráætlun gg 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms	6
Mat á gæðagreiini 5.3 - Til móts við námsþarfir	7
Þróunaráætlun gg 5.3 - Til móts við námsþarfir.....	8
Mat á gæðagreiini 5.5 - Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri.....	8
Þróunaráætlun gg 5.5 - Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri	9
Mat á gæðagreiini 5.6 - Jafnrétti og sanngirni	9
Þróunaráætlun gg 5.6 - Jafnrétti og sanngirni.....	10
Árlegar kannanir	11
Árleg foreldrakönnun	11
Árleg nemendakönnun	12
Árleg starfsmannakönnun	12
Samantekt og helstu niðurstöður.....	12
Viðaukar	14
Viðauki I, árleg skimun starfsfólk, heildarniðurstöður	15
Viðauki II Einkunnaskali skv. Gæðagreinum 2.....	17

Sjálfsmat veturinn 2013-2014

Í sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar 2013-2014 á heimasíðu skólans

http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/sjalfsmatsaaetlun_2013---2017.pdf er fjallað um sjálfsmat, sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats Grunnskólans.

Í þessari skýrslu er nánari útfærsla á niðurstöðum matsins sem byggt er á sjálfsmatsaðferðum *Gæðagreina 2* sem fram hefur farið veturinn 2013 – 2014. Eins og hægt er að lesa um í sjálfsmatsáætlun skólans frestaðist innleiðing sjálfsmatsaðferðarinnar *Gæðagreina 2* um nokkra mánuði og hefur það sett mark sitt á sjálfsmatsvinnu vetrarins og voru færri gæðagreinar lagðir fyrir en gert var ráð fyrir í upphafi skólaársins. En um leið og hægt var að hefja sjálfsmatið með því að byggja á gæðagreinum var lagt af stað.

Haldnir voru vinnufundir í janúar og í febrúar þar sem gæðagreinar voru lagðir fram og unnu starfsmenn skólans að matinu í matshópum og fór skiptingin í hópana eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Í janúar skoðuðu kennarar niðurstöður úr samræmdum prófum og ræddu þeir styrkleika og þá þætti sem þurfa úrbóta en horft var til hvernig unnið er með gæðagreinana um leið og samræmdu prófin voru greind.

Þar sem langt var liðið á skólaárið þegar þessi vinna hófst var ákveðið að einbeita sér að öllu leyti að innleiðingu á Gæðagreinunum og að sjálfsmatsteymið hugaði alfarið að því að efla færni sína í þeim áður en lagt yrði af stað í því ferli að fá inn nemendur og foreldra í matshópa. Bíður það því næsta vetrar. Nemendur, foreldrar og starfsmenn tóku þátt í viðhorfakönnunum á vordögum er byggja á gæðagreinunum og eru kölluð „sönnunargögn“ sem hægt er að skoða frekar þegar unnið er með gæðagreinana. Í viðauka má sjá niðurstöður úr þessum þremur könnunum. Í áfangaskýrslu 2 á heimasíðu skólans http://www.hornafjordur.is/media/vor2014/afangaskyrsla_2_vor-2014.pdf er hægt að sjá nánari útfærslu á niðurstöðum þar sem þær eru flokkaðar í þrjá flokka eftir viðmiðum. Þessir viðmiðunarflokkar eru: mjög góð niðurstaða, ásættanleg niðurstaða og óásættanleg niðurstaða.

Matsþættir skólaársins 2013-2014 voru eftirfarandi:

- **Lykilþáttur 3** **Áhrif á starfsfólk**
 - gg. 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans
- **Lykilþáttur 5** **Menntun**
 - gg. 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms
 - gg. 5.3 Til móts við námsþarfir
 - gg. 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri
 - gg. 5.6 Jafnrétti og sanngirni
- **Niðurstöður samræmdra prófa haustið 2013**
 - Samræmd próf í íslensku
 - Samræmd próf í stærðfræði

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu. Stuttlega er gerð grein fyrir framkvæmd matsins, helstu niðurstöðum og áætlun um umbætur. Einnig er hægt að skoða viðmið um gæði fyrir hvern gæðagreini fyrir sig eftir því sem við á.

Mat á gæðagreini 3.1 - Þátttaka starfsfólks í starfi skólans

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af sjö matshópum, með 42 starfsmönnum á vinnufundi 15. janúar 2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4,4,4,4,4,5,4

Sterku hliðarnar okkar:

- Höfum góðan mannauð og frábært starfsfólk.
- Almennt jákvæður andi og metnaður meðal starfsmanna.
- Við erum metin af verðleikum.
- Tiltölulega samhentur og áhugasamur starfsmannahópur sem er tilbúinn til að gera betur og leggja sig fram.
- Við erum dugleg að vinna saman í hópum og teyimum og að ná samkomulagi.
- Við erum dugleg að sækja endurmenntun og tileinka okkur nýja þekkingu.
- Hátt menntunarstig í starfsmannahópnum.
- Allir eru tilbúnir að veita stuðning og hrósa fyrir vel unnin störf.
- Við teljum að við fáum að segja skoðanir okkar og þannig hafa áhrif á hvaða starf á sér stað í skólalastarfinu.
- Við viljum nemendum okkar vel og hag þeirra sem mestan og bestan bæði í lífi og starfi.
- Við viljum öll leggja áherslu á lestur.
- Við erum að vinna góða vinnu í námskrárvinnunni. Teljum að sú vinna hjálpi okkur með sameiginlegu sýnina.
- Við erum að vinna góða vinnu með lykilhæfnina.
- Samstarf milli húsa gengur smurt.
- Gott kennsluhúsnæði.
- Starfsmannasamtöl.

Það sem þarf að bæta:

- Við þyrftum að efla okkur í samvinnu og teymisvinnu þannig að það sé eðlilegur hlutur að tala saman og leysa vandamál í sameiningu. Þar er traust mikilvægur þáttur því þú opnar ekki á vandamál nema að treysta hópnum fyrir því.
- Fullkomin sameiginleg sýn er ekki til staðar en við erum á leiðinni.
- Of mikið verið að biðja okkur um álit á málum sem stjórnendur geta tekið ákvörðun um.
- Starfsmenn eru á því að ekki séu allir studdir eftir þörfum, hlustað á skoðanir þeirra og leitað eftir þeim.
- Sumir starfsmenn opna sig ekki á fundum þannig að sjónarmið þeirra koma ekki fram.
- Endurmenntun fyrir sérgreinakennara, tímasetningar á námskeiðum eru óhentugar.
- Finna þarf símenntun handa stuðningsfulltrúum sem gagnast þeim í starfi.

- Sum endurmenntun/námskeið eru sniðin að hluta hópsins en allir þurfa að sitja, þar af leiðandi hefur sá hluti lítið gagn af.
- Það er ekki hægt að styðja alla í öllu því sem þeim dettur í hug.
- Hlusta betur á kennara varðandi endurmenntun.
- Við erum mis áhugasöm um metnað í skólastarfi.
- Of mörg verkefni í gangi til að við náum að sinna því sem við viljum sinna.
- Meiri sveigjanleiki í sambandi við 4,14 tímana, kennarar þurfa meiri undirbúningstíma.
- Vinnuskilyrði og vinnuumhverfi að mörgu leiti ábótavant en þá er sérstaklega rætt um heimilisfræðistofuna sem þarf að laga, eins er með aðstöðuna fyrir leiklist og tónmennt.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Sameiginleg sýn.
- Sameiginleg sýn, hvernig leysa skal ákveðin mál.
- Metnaður í starfi, hópurinn vill ná árangri.
- Velferð nemenda og starfsfólks.
- Að starfsfólk sé faglegt og samvinna góð.
- Símenntun.

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram.

Próunaráætlun gg 3.1 - Þátttaka starfsfólks í starfi skólans

Markmið með umbótum:

- Bæta skólastarfið með aukinni teymisvinnu og flæði milli starfsmanna þar sem þeir deila ábyrgð og hjálpast að.
- Fundir þurfa að vera skilvirkari þ.e. að þeir nýtist markvisst þeim sem sitja fundina.
- Einstaklingsmiðuð endurmenntun starfsmanna.

Hvernig vitum við að því er náð?

- Í matskönnun að vori kemur í ljós að fólki finnst það í góðu samstarfi við samstarfsaðila, það deilir ábyrgð og finnst það fá stuðning við mál sem upp koma.
- Þegar starfsfólk verður virkara á fundum og tími starfsfólks nýtist til vinnu.
- Fleiri ánægðir starfsmenn.

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Fá starfsmenn til að vinna að sömu sýn	Allir		Faglegar samræður Sameiginleg sýn/stefna Fræðsla	Endurmeta með gæðagreiðni eftir ákv. tíma
Við trúum því að námskrárvinnan grunnskólans efli sameiginlega sýn og skilning á því hvernig við veitum góða menntun	Allir	Alltaf	Ljúka góðri námskrárvinnu og fara eftir henni	
Koma á virku samstarfi milli umsjónakennara og annarra sem koma að starfi með nemendahópnum.	Aðilar sem koma að hópnum.	Byrjun september ár hvert	Vilja, tíma í töflu og skilning á að það næst betri árangur ef allir hjálpast að	Skólastjórnendur fara yfir það með starfsfólki hvort búið sé að setja niður tíma
Skapa meira rými til samstarfs/undirbúnings	Starfsmanna- hópur í samráði við stjórnendur	Fyrir næsta skólaár.		
Jafningjastuðningur, þar sem starfsmaður velur sér einhvern til að koma og fylgjast með sér í vinnunni í ca. eina kennslustund og hann getur líka valið hvað hann vill láta skoða hjá sér.	Skólastjórnendur setja af stað. Starfsmenn sjálfir fylgja eftir.	Vor 2014	Vilja	Hengja upp blað þar sem fólk merkir við og svo umræður undir vor um árangurinn
Skipuleggja fundi þannig að þeir verði smærri og þeir sem málið varða sitji fundina.	Stjórnendur og umsjónakennarar	Alltaf í endurskoðun	Sameiginlegt átak starfsfólks	Þegar mál sem tekin eru fyrir á fundum eru framkvæmd
Mál sem tekin eru fyrir á sameiginlegum fundi séu valin af kostgæfni. Sumt má tilkynna með tölvupósti.	Skólastjórnendur	Alltaf í vinnslu	Sigta út það sem skiptir máli og þá sem málið varða.	Með ánægju starfsfólks.
Virkja alla starfsmenn á fundum.	Allir	Stöðugt í gangi	Vilji / samhug / hvatning	Í sömu könnun um líðan.
Hlusta á starfsmenn og sýna stuðning, þeir upplifi að þeir séu metnir að verðleikum.	Stjórnendur / trúnaðarmaður / allir	Strax	Vilji	Viðtal við starfsmann, könnun um líðan
Starfsmenn kynni sér hvað er í boði í endurmenntun, þannig að sem flestir geti fengið námskeið við hæfi	starfsmaður / starfsmannahópur í starfsmanna-viðtali	Aldrei lokið	Peninga og sveigjanleika Starfsmenn komi hugmyndum sínum á rétta staði.	Umræður og stutt könnun.
Stuðningsfulltrúar fái að taka þátt í þeirri vinnu/námskeiðum sem kemur nemendum til góða	Stjórnendur að skipuleggja og stuðningsfulltrúar að taka þátt	Alltaf	Símenntunar námskeið og leyfa stuðningsfulltrúum að taka meiri þátt í vinnu með kennurum	
Stjórnendur verði sveigjanlegir	Stjórnendur	Aldrei lokið	Peninga og sveigjanleika	Umræður og stutt könnun.
Taka eitt skref í einu. Byrja á því að klára lestrarstefnu skólans. Greina aftur þennan þátt þegar lestrarstefnan er tilbúin.	Allir	11.apríl 2014	Vilja	Hvernig hún skilar sér til heimilanna. Stikk prufur / foreldraviðtöl

Laga stöðu sérgreina – tónmennt – leiklist	Sveitarfélagið /skólastjórar/ sérgreina-kennarar	Sem fyrst	Vilja yfirvalda	
--	--	-----------	-----------------	--

Mat á gæðagreiðni 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveimur matshópum, með 12 starfsmönnum á vinnufundi 26. febrúar 2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf:

- Ekkert sett fram

Sterku hliðarnar okkar:

- Fjölbreyttar leiðir til að mæta þörfum nemenda.
- Kennarahópurinn er vel undirbúinn og skipulagður, ekki staðnaður heldur virkur í að finna nýjar og ferskar leiðir.
- Við erum með vel skipulagða kennslu og endurgjöf til nemenda er góð og nemendum gefst góður kostur á að taka ábyrgð á sínu námi.

Það sem þarf að bæta:

- Hegðunarlegur stuðningur, sérstök hegðunarver vantar, þarf að skilja betur milli þeirra sem eiga í hegðunarerfiðleikum og þeirra sem eiga í námserfiðleikum.
- Við erum ekki nógu dugleg í að virkja nemendur í námi og gætum staðið okkur betur í að einstaklingsmiða.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Umræðan um málin í hópnum.
- Það er mikilvægt að nemendur séu virkir í námi en líka að kennslan sé vel skipulögð og kennarar viti hvað markmiðum þeir eru að vinna að

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Markmið með umbótum:

- Efla áhuga og virkni nemenda svo árangur þeirra verði betri.
- Að nemendur séu meðvitaðri um eigið nám og taka virkan þátt í að skipuleggja nám sitt

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Koma tölvumálum í lag í Hafnarskóla svo tæknin nýtist þar	Þjónustuaðili með tölvum	Sem fyrst		
Kennarar þurfa að verða meðvitaðri um að gera nemendum grein fyrir tilgangi kennslustundarinnar og taka saman árangur í lokin	Allir kennarar	Aldrei	Meðvitund	Næst þegar þessi gæðagreinir verður tekinn fyrir
Vera strangari á ábyrgð nemenda varðandi skil á námi/verkefnum	Kennarar	Aldrei		Sama og hér að ofan
Setja ábyrgðina meira á nemendur og fá þá til að setja fram lausnir	Kennarar	Aldrei		Sama
Vera með leshópa um einstaklingsmiðun	Kennarar	Vinna næsta vetur		

Mat á gæðagreinini 5.3 - Til móts við námsþarfir

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveimur matshópum, með 12 starfsmönnum á vinnufundi 26. febrúar 2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við leggjum okkur fram við að mæta þörfum nemenda okkar.
- Við viljum að þeim gangi vel og hugum að velferð þeirra.
- Okkur finnst kennarar í GH almennt vera í mjög góðu sambandi við foreldra og nemendur sína.
- Við erum með hátt menntunarstig kennara.

Það sem þarf að bæta:

- Okkur vantar sérkennara. Á yngri stigi eru margir að sinna sérkennslu. Okkur vantar meiri ráðgefandi sérkennslu. Þeir sem sinna sérkennslu þurfa of oft að taka forföll og þá fellur sérkennslutíminn niður.
- Okkur finnst sérkennslan oft verða ómarkviss þar sem margir kennarar eru að taka 1-3 tíma á viku í sérkennslu til að fylla upp í töfluna sína. Þannig að það er ekki alltaf sami kennarinn sem sinnir sama barninu/bekknunum. Við myndum vilja sjá tvo sérkennara sem myndu sinna allri sérkennslunni.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að námsþörfum allra nemenda sé sinnt.

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg 5.3 - Til móts við námsþarfir

Markmið með umbótum:

- Að námsþörfum allra nemenda sé sinnt.
- Vera með betra skipulag á sérkennslu.
- Hækka menntunarstig í sérkennslu.

Hvernig vitum við að því er náð?

- Þegar heildareinkunn fyrir gæðagreini er fimm.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Mæta betur þörfum tvítyngdra barna og þeirra sem falla undir málefni fatlaðra.	Sérkennslan/ umsjónarkennarar/aðrir kennarar	Í byrjun vetrarannar. Alltaf í endurskoðun		
Ráða menntaða sérkennara í fulla stöðu.	Skólastjórnendur	Sem fyrst		
Passa að sami kennarinn sinni sem oftast sama barninu.				

Mat á gæðagreini 5.5 - Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveimur matshópum, með 11 starfsmönnum á vinnufundi 26. febrúar 2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4,4

Sterku hliðarnar okkar:

- Vinna nemenda er sýnileg
- Við höldum árangri nemenda fyrir utan hefðbundið skólastarf á lofti, s.s. Legó, Skólahreysti og Stíll.

Það sem þarf að bæta:

- Vantar eftirfylgni í sumum málum þurfum að beita okkur meira í því
- Megum gera meiri kröfur til nemenda og þeir beri meiri ábyrgð bæði á námi sínu og framkomu
- Við megum hrósa meira duglegu krökkunum
- Það vantar sérkennara, kemur fyrir að börn eru greind of seint
- Það má gera mun betur varðandi starfsfólk, t.d. hygla þeim sem mæta vel o.frv.

- Það heyrir of hátt í þessum neikvæðu en flestir eru jákvæðir. Það kemur fyrir að starfsfólk skólans er neikvætt í garð skólans út á við og er þá ekki í verkahring stjórnenda að taka á því – orðalag / ræða við skólastjóra varðandi þá einstaklinga.
- Jákvæð samskipti í skólasamfélaginu sem byggja á grunni gagnkvæmrar virðingar þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Áhugi nemenda okkar endurspeglar í jákvæðu viðhorfi þeirra til náms, árangurs og framfara.

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg 5.5 - Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Markmið með umbótum:

- Ekkert sett fram

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Efla jákvætt viðhorf nemenda og áhuga til námsárangurs og framfara	Allir	Aldrei	Jákvætt viðhorf allra og markvissar umræður við nemendur.	Sjálfsmat
Efla jákvæð samskipti innan skólasamfélagsins	Allt samfélagið	Aldrei	Opna meira allt sem við erum að gera, vera sýnilegri, fara meira út til samfélagsins og fá samfélagið líka meira inn í skólann	Sjálfsmat
Gera meiri kröfur á nemendur um að þeir beri meiri ábyrgð á námi sínu og framkomu	Allir	Aldrei	Eftirfylgni	
Fá inn sérkennara!	Skólastjórnendur			

Mat á gæðagreiðni 5.6 - Jafnrétti og sanngirni

Vinnulag: Gæðagreinirinn var metinn af tveimur matshópum, með 11 starfsmönnum á vinnufundi 26. febrúar 2014.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við fögnum margbreytileika. Allir foreldrar og nemendur velkomnir og þeim mætt í samvinnu. Við virkjum þá nemendur sem eru fráhverfir skóla og fjölskyldur þeirra. Við beinum okkur sérstaklega að nemendum sem eiga erfitt uppdráttar í námi. Við væntum þess að starfsfólk og nemendur beri virðingu og ábyrgð fyrir líðan hvers annars. Við styðjum jöfn tækifæri og jafnan aðgang í starfi okkar.

Það sem þarf að bæta:

- Að finna árangursríkar leiðir sem tryggja virka þátttöku foreldra í skólastarfinu.
- Gagnkvæm virðing allra, alltaf!
- Sýnum ekki nægilega í verki gildi skólans.
- Kenna nemendum með markvissum hætti gagnrýna hugsun, bera ábyrgð á orðum sínum, í sambandi við umræðuna um jafnrétti og annað.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Gagnkvæm virðing í orði og verki!

Tillögur um aðgerðir:

- Allir séu samtaka í agamálum og taki á því.

Þróunaráætlun gg 5.6 - Jafnrétti og sanngirni

Markmið með umbótum:

- Að þátttaka foreldra í skólastarfi barnanna sé virk.
- Gildi skólans séu viðhöfð í orði og verki.
- Gagnkvæm virðing sé alltaf til staðar.

Hvernig vitum við að því er náð?

- Með betri líðan barna og betri árangri í námi.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Ræða við foreldra augliti til auglitis (minna um tölvupóstsamskipti í ákveðnum tilfellum).	Umsjónarkennari og/eða skólastjórn-endur	Aldrei	Gott skipulag og yfirsýn. Samvinna allra starfsmanna. Láta sig málin varða, líka nemenda „annarra.“	Með framförum hvers og eins og betri líðan.
Nota kjörorðin í daglegu tali, orðræðu.	Allir.	Aldrei.	Hver og einn þarf að venja sig á að nota kjörorðin og þekkja þau!	Gæti verið spurning í starfsmannakönnun.

Hafa í huga að koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Nota uppeldi til ábyrgðar.	Allir.	Aldrei.	Minna okkur reglulega á UTÁ og láta okkur framkomu allra varða.	Jafnvel spurning í könnun.
Allir séu samtaka í agamálum og taki á þeim.	Allir	Aldrei	Umræður og eftirfylgni	Sjálfsmat

Árlegar kannanir

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Þegar niðurstöður eru jákvæðar um skólastarfið styrkir það skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka. Þegar niðurstöður draga fram veikleika í skólastarfinu er reynt að bregðast við með viðeigandi umbótum eins fljótt og auðið er. Það er því mikilvægt að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið. Í Grunnskóla Hornafjarðar verða því lagðar fyrir þrjár árlegar kannanir, fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla sem byggja á **Gæðagreinum 2**. Umfjöllun um hverja og eina þeirra má sjá hér á eftir. Þar sem þetta er fyrsta árið sem unnið er eftir sjálfsmatsskönnunum **Gæðagreina 2** þá er ekki til heildarsamanburður við þessar kannanir en gert er ráð fyrir að héðan í frá verði þær að árlegum viðburði til að afla „sönnunargagna“ og svo hægt sé að bera saman niðurstöður á milli ára.

Kannanir á vegum skólans fara allar fram á rafrænu formi í gegnum könnunarforritið

<http://secure.outcomesurveys.com/login.aspx>. Þetta er hugbúnaður sem skólinn hefur áskrift að.

Sjálfsmatsteymið hefur umsjón með fyrirlögn og úrvinnslu á könnunum á vegum skólans.

Árleg foreldrakönnun

Árleg foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra/forsjáraðila nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk á foreldradegi í febrúar. Alls tóku 69% foreldra þátt í könnuninni og er það of lítil þátttaka að mati sjálfsmatsteymisins. Áhersla verður lögð á að virkja foreldra til betri þátttöku m.a. með samtölum í skólaþingarviðtölum sem eru einstaklingsviðtöl. Niðurstöður þeirra sem svöruðu gefa almennt til kynna að foreldrar eru jákvæðir um skólastarf í Grunnskóla Hornafjarðar. Í könnun sem þessari gefst foreldrum/forsjáraðilum tækifæri til að leggja mat á og tjá sig um skólastarfið, um það sem vel er gert og það sem betur má fara. Það er mikilvægt fyrir skólastarfið að fá fram viðhorf foreldra með þessum hætti og eru niðurstöður nýttar í þeim tilgangi að bæta skólastarfið en slík umbótavinna fer ávallt fram í gegnum sjálfsmatasöfnerðir skólans.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja um 96% foreldra Grunnskóla Hornafjarðar vera **góðan** eða **frekar góðan** skóla. Um 77% foreldra segja **miklar framfarir** eða **talsverðar framfarir** hafi verið á skólastarfinu í heild undanfarin ár. Um 87% þeirra segja skólastarfið svara þeim kröfum **vel** eða **frekar vel**, sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi. Einnig segja um 90% foreldra að barninu þeirra líði **vel** eða **frekar vel** í skólanum. Þegar foreldrar voru spurðir að því hvort þeir gætu mælt með Grunnskóla Hornafjarðar við aðra svöruðu 92,4% já, en 7,6 % **nei**. Um 80% foreldra telja náms- og kennsluaðferðir í Grunnskóla Hornafjarðar vera **fjölbreyttar** eða **frekar fjölbreyttar**.

Heildarniðurstöður foreldrakönnunarinnar má skoða hér á heimasíðunni í [áfangaskýrslu 2](#).

Árleg nemendakönnun

Árleg könnun meðal nemenda í 4., 7. og 10. bekk var lögð fyrir í maí. Allir nemendur tóku þátt og niðurstöður svara þeirra birtast hér á eftir.

Niðurstöður úr könnuninni sýna m.a. að tæpum 95% nemenda líður **vel** eða **frekar vel** í skólanum. Um 91% nemenda finnst námsþörfum sínum vera sinnt **vel** eða **frekar vel**. Um 97% nemenda finnst þeir vera í **góðum** eða **frekar góðum** bekk. Um 90% nemenda upplifa öryggi í skólanum **oft** eða **frekar oft**. 88% nemenda finnst þeir taka **mikla** eða **frekar mikla** ábyrgð á eigin námi og um 87% þeirra telja að nám þeirra í Grunnskóla Hornafjarðar undirbúi þá **vel** eða **frekar vel** undir framtíðina. Heildarniðurstöður úr nemendakönnun má sjá á heimasíðu skólans í [áfangaskýrslu 2](#).

Árleg starfsmannakönnun

Árleg könnun var lögð fyrir allt starfsfólk í Grunnskóla Hornafjarðar í lok maí. Niðurstöður skimunarinnar verða ígrundaðar og við þeim brugðist með starfsfólki skólans í upphafi næsta skólaárs. Þar sem einkunnagjöf er lág í matsþáttum gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Niðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Samkvæmt niðurstöðum þarf að huga sérstaklega að eftirfarandi þáttum á næsta skólaári:

Samantekt og helstu niðurstöður

Innra mat á skólastarfinu í Grunnskóla Hornafjarðar fer fram með sjálfsmatsaðferðum Gæðagreina. Nemendur svara spurningum úr Skólapúlslinum einu sinni á ári og aðrar kannanir eru lagðar fyrir ef þörf er á s.s. eineltiskönnun, könnun um líðan o.fl. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í mati og gerð umbótaáætlana og fylgir þeim eftir því sem við á. Sjálfsmatsteymi var sett á laggirnar í upphafi skólaársins sem hélt utan um skipulag og framkvæmd matsins. Einnig fundaði teymið reglulega um niðurstöður matsþátta og hafði umsjón með að umbótaáætlunum væri fylgt eftir.

Þeir matsþættir sem lágu fyrir til mats á skólaárinu sneru að nokkrum þáttum skólastarfs. Lykilþáttur 3 um þátttöku starfsfólks í starfi skólans var lagður til mats. Einnig lykilþáttur 5 sem tekur á kennslu, námsþörfum, leiðum sem stuðla að árangri, og jafnrétti og sanngirni.

Gæðagreinir 3. 1 þátttaka starfsfólks í starfi skólans

Gæðagreinirinn tekur á faglegri þátttöku og skuldbindingu starfsfólks í starfi skólans. Einnig á virkni starfsfólks og sýn þess á hlutverk sitt við að tryggja gæði náms og kennslu. Sjö hópar starfsfólks 42 einstaklingar mátu þennan þátt og gáfu einkunnirnar 4,4,4,4,4,5,4, **gott**, sem segir að mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Leiðir til úrbóta voru settar fram þar sem aðaláhersla er á að bæta skólastarfið með aukinni teymisvinnu og flæði milli starfsmanna þar sem þeir deila ábyrgð og hjálpast að. Gera starfsmannafundina skilvirkari þannig að þeir nýtist markvisst þeim sem sitja fundina og að endurmenntun starfsmanna verði einstaklingsmiðuð.

Gæðagreinir 5.2 kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Gæðagreinirinn fjallar um námsmenningu og kennsluaðferðir. Samskipti kennara og nemenda, þátttöku nemenda í námsverkefnum. Hann tekur á skýrleika og tilgangi tjáskipta og mati sem er liður í kennslu. Tveir matshópar mátu þennan gæðagreini og settu þeir fram leiðir til úrbóta. Markmið með úrbótunum er að efla áhuga og virkni nemenda svo árangur þeirra verði betri. Einnig að nemendur séu meðvitaðri um eigið nám og taki virkan þátt í að skipuleggja nám sitt. Gera meiri kröfur á nemendur t.d. með því að vera strangari á ábyrgð nemenda varðandi skil á verkefnum og virkja þá betur í námi. Ennfremur kom fram að nauðsynlegt er að gera meiri greinarmun á nemendum sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða og þá sem eiga í námserfiðleikum. Áhugi var einnig fyrir því að hafa leshópa um einstaklingsmiðað nám næsta vetur.

Gæðagreinir 5.3 til móts við námsparfir

Þessi gæðagreinir varðar verkefni, viðfangsefni og úrræði. Tekur á greiningu námsparfa, hlutverki kennara og sérfræðinga og að lokum á framkvæmd í samræmi við ákvæði laga.

Tveir matshópar mátu þennan gæðagreini og gaf annar hópurinn einkunnina 4, **gott**, sem segir að mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Leiðir til úrbóta voru settar fram. Markmiðið er að sinna námsþörfum allra nemenda og fá til starfa menntaðan sérkennara sem einnig getur sinnt ráðgefandi sérkennslu. Einnig að skipulag sérkennslunnar verði þannig að sami sérkennarinn sjái um kennslu í hverjum árgangi.

Gæðagreinir 5.5 væntingar og leiðir sem stuðla að árangri

Gæðagreinirinn fjallar um væntingar starfsfólks og notkun hróss. Um væntingar nemenda og skilning þeirra á árangri. Ennfremur um eflingu og viðhald á skólabrag sem stuðlar að árangri og um samskipti starfsfólks og nemenda. Tveir matshópar mátu þennan gæðagreini og gáfu þeir báðir einkunnina 4, **gott**, sem segir að mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Leiðir til úrbóta voru settar fram og snúa að því að efla jákvætt viðhorf nemenda og áhuga til námsárangurs og framfara, gera meiri kröfur til nemenda og fá þá til að bera meiri ábyrgð á námi sínu og framkomu. Auka eftirfylgni í þeim málum sem koma upp. Efla jákvæð samskipti í skólasamfélaginu sem byggja á grunni gagnkvæmrar virðingar þar sem sameiginleg markmið og og gildi eru í hávegum höfð. Hrósa meira nemendum og okkur sjálfum.

Gæðagreinir 5.6 jafnrétti og sanngirni

Gæðagreinirinn fjallar um leiðir til námsaðlögunar- skóla fyrir alla, stuðla að jafnrétti og sanngirni og ennfremur að tryggja jafnrétti og sanngirni. Tveir matshópar mátu þennan gæðagreini og gaf annar þeirra einkunnina 4, **gott**, sem segir að mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Leiðir til úrbóta voru settar fram og snúa að því að finna árangursríkar leiðir sem tryggja virka þátttöku foreldra í skólastarfinu. Sýna gildi skólans í verki, sýna gagnkvæma virðingu allra, alltaf og

einnig að kenna nemendum með markvissum hætti gagnrýna hugsun, bera ábyrgð á orðum sínum, í sambandi við umræðuna um jafnrétti og annað.

Viðaukar

Viðauki I Árleg skimun starfsfólks í Grunnskóla Hornafjarðar maí 2014.

Viðauki II Einkunnaskali Gæðagreina 2, viðmið um gæði.

Viðauki I, árleg skimun starfsfólks, heildarniðurstöður

	Framúrskarandi	Mjög gott	Gott	Nægilegt	Slakt	Ófullnægjandi	Svörun	Meðaleinkunn	% m eink 4-6 2014
Hvaða mat leggur þú á gæði námsárangurs nemenda?	1	8	18	4	11	1	43	3,56	63%
Hvaða mat leggur þú á að skólastarfið samræmist lögum og reglum?	3	23	10	7	0	0	43	4,51	84%
Hvaða mat leggur þú á að skólastarfið einkennist af vilja til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um lögbundna starfshætti?	5	18	13	3	1	0	40	4,58	90%
Hvaða mat leggur þú á að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska?	1	17	21	3	0	0	42	4,38	93%
Hvaða mat leggur þú á þátttöku foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna í starfi skólans?	0	6	17	8	12	1	44	3,34	52%
Hvaða mat leggur þú á skuldbindingu starfsfólks og virka þátttöku þess í starfi skólans?	2	23	14	5	1	0	45	4,44	87%
Hvaða mat leggur þú á umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu?	0	17	16	4	5	0	42	4,07	79%
Hvaða mat leggur þú á áhrif skólans á samfélagið í heild?	1	15	21	1	4	0	42	4,19	88%
Hvaða mat leggur þú á gæði skólanámskránnar?	0	18	19	1	2	0	40	4,33	93%
Hvaða mat leggur þú á námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum?	1	14	18	5	3	0	41	4,12	81%
Hvaða mat leggur þú á verkefni, viðfangsefni og þau úrræði sem unnið er með í skólanum. Mæta þau námsþörfum allra nemenda?	0	16	16	8	3	0	43	4,05	74%
Hvaða mat leggur þú á hvernig greiningu á námsþörfum nemenda er háttað?	0	14	17	8	2	2	43	3,91	72%
Hvaða mat leggur þú á hvernig einstaklingsnámskrám og stuðningsáætlunum er framfylgt í samræmi við ákvæði laga?	0	13	19	7	3	1	43	3,93	74%
Hvaða mat leggur þú á þær námsmatsaðferðir sem notaðar eru í skólanum?	0	9	25	4	3	0	41	3,98	83%
Hvaða mat leggur þú á hvernig upplýsingar úr námsmati eru nýttar m.t.t. áframhaldandi úrvinnslu og þess að stuðla að bættu skólastarfi?	0	9	12	9	9	1	40	3,48	53%
Hvaða mat leggur þú á hvernig tekst til við að efla og viðhalda skólabrag sem stuðlar að árangri?	0	9	21	3	9	0	42	3,71	71%
Hvaða mat leggur þú á samskipti starfsfólks og nemenda?	1	25	16	2	1	0	45	4,51	93%
Hvaða mat leggur þú á það hvernig stuðlað er að jafnrétti og sanngirni í skólastarfinu?	0	19	17	4	3	0	43	4,21	84%
Hvaða mat leggur þú á þátttöku foreldra/forsjáraðila í námi barna sinna og starfi skólans?	0	6	15	8	13	1	43	3,28	49%
Hvaða mat leggur þú á þær aðferðir og úrræði sem notuð eru í skólanum til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna?	1	14	22	4	2	0	43	4,19	86%
Hvaða mat leggur þú á gæði náms- og starfsráðgjafar sem skólinn veitir?	0	12	16	6	3	0	37	4,00	76%
Hvaða mat leggur þú á hvernig unnið er að þróun og umbótum í skólastarfi í gegnum sjálfsmat?	1	14	20	3	2	0	40	4,23	88%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólastefnu okkar er viðhaldið svo hún stýri starfi sem leiðir til aukins árangurs fyrir nemendur og veiti þannig skýra og hnitmiðaða leiðsögn?	0	10	16	6	7	0	39	3,74	67%
Hvaða mat leggur þú á þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsstofnana um stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu?	0	8	18	8	4	1	39	3,72	67%
Hvaða mat leggur þú á mótun þróunaráætlana, framkvæmd þeirra og eftirfylgni?	0	10	15	9	2	1	37	3,84	68%
Hvaða mat leggur þú á fagmennsku og hæfni starfsfólks skólans?	1	29	13	2	0	0	45	4,64	96%
Hvaða mat leggur þú á hvernig umsjón er um velferð starfsmanna m.t.t. ábyrgðar, réttar og umhyggju?	0	15	16	6	5	1	43	3,91	72%
Hvaða mat leggur þú á nýtingu mannafla bæði starfsmanna innan skólans og sérfræðinga utan skólans?	0	15	18	7	3	0	43	4,05	77%
Hvaða mat leggur þú á skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og samstarfsaðila?	1	17	9	8	1	0	36	4,25	75%
Hvaða mat leggur þú á möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar?	0	19	13	6	4	0	42	4,12	76%
Hvaða mat leggur þú á gæði þverfaglegar samvinnu og samstarfs skólans við samstarfsaðila (s.s. aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðiþjónustu, atvinnurekendur, sveitarstjórn)?	1	8	16	8	2	0	35	3,94	71%
Hvaða mat leggur þú á fjármálastjórnun skólans?	0	15	18	2	0	0	35	4,37	94%
Hvaða mat leggur þú á hvernig húsnæði skólans, aðbúnaður og aðstaða eru nýtt til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi?	3	17	16	4	2	0	42	4,36	86%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólinn varðveitir, greinir, metur og nýtir upplýsingar úr skólastarfinu til að efla nám og auka árangur nemenda?	0	5	23	3	5	0	36	3,78	78%
Hvaða mat leggur þú á samhljóm nemenda, foreldra, starfsfólks og nærsamfélagsins um sýn, gildi og markmið skólans?	0	11	15	6	5	0	37	3,86	70%
Hvaða mat leggur þú á forystu um framtíðarþróun skólastarfs sem byggð er á grunni sýnar, gilda og markmiða skólans í þeirri viðleitni til að ná framúrskarandi árangri?	0	8	19	5	4	0	36	3,86	75%

Hvaða mat leggur þú á hvernig unnið er að eflingu forystuhæfni og samvinnu starfsfólks og nemenda?	0	7	17	9	5	0	38	3,68	63%
Hvaða mat leggur þú á forystu og stjórnun er beinist að sköpun, nýbreytni og breytingarstarfi?	0	9	21	3	3	0	36	4,00	83%
Hvaða mat leggur þú á undirbúning, skipulag og framkvæmd vettvangsferða á vegum skólans?	2	18	15	6	1	0	42	4,33	83%
Hvaða mat leggur þú á skipulag, undirbúning og framkvæmd skemmtana á eldra stigi s.s. haustfagnaðar, þorablót, lokahóf o.s.frv.?	1	14	11	3	0	1	30	4,33	87%
Hvaða mat leggur þú á skipulag, undirbúning og framkvæmd skemmtana á yngra stigi s.s. vikuhátíð, litlu jólin o.s.frv.?	2	20	12	3	1	1	39	4,41	87%
Hvaða mat leggur þú á skipulag, undirbúning og framkvæmd Reykjaferðar 7. bekkjar?	1	18	8	1	0	0	28	4,68	96%
Hvaða mat leggur þú á skipulag, undirbúning og framkvæmd Laugaferðar 9. bekkjar?	2	20	3	2	0	0	27	4,81	93%
Hvaða mat leggur þú á skipulag, undirbúning og framkvæmd skólasetningar?	5	19	14	3	0	0	41	4,63	93%
Hvaða mat leggur þú á skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita?	0	17	16	7	2	0	42	4,14	79%
Hvaða mat leggur þú á skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíðar nemenda?	2	20	16	3	1	0	42	4,45	90%
Hvaða mat leggur þú á eigin fagmennsku í starfi?	1	22	19	2	0	0	44	4,50	95%
Hvaða mat leggur þú á samstarf kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðlunar nýrrar þekkingar, fagstjórnar o.s.frv.)?	0	19	17	2	0	0	38	4,45	95%
Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mötuneytis í Grunnskóla Hornafjarðar þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis og umhverfissjónarmiða?	1	10	17	8	3	1	40	3,88	70%
Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti skólans?	0	8	9	11	11	1	40	3,30	43%
Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	1	20	16	4	2	0	43	4,33	86%
Hvernig líður þér á vinnustað?	8	23	7	6	0	0	44	4,75	86%

Viðauki II Einkunnaskali skv. Gæðagreinum 2. – viðmið um gæði

6 þrepa/stiga einkunnaskalinn

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísi. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið framúrskarandi er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið mjög gott merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið gott gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika samhlíða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið nægilegt gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið slakt komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megí einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjóttum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið **ófullnægjandi** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins ófullnægjandi, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.